

AUGLÝSING

vegna riðu í Árnassýslu.

1. gr.

Með vísan til reglugerðar nr. 726 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar er athygli vakin á eftirfarandi skilgreiningum og svæðum:

Sýkt svæði: landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

Áhættusvæði: landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

Ósýkt svæði: landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur ekki fundist sl. 20 ár.

Sýkt svæði í Árnassýslu eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði í Árnassýslu eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

2. gr.

Af sýktu svæði og innan þess er óheimilt að flytja sauðfé og geitfé til lífs milli hjarða.

3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálm og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálm og þökum af túnnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. Hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúsahverfum í Árnassýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúsahverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Sameiginlegar hrútasýningar eða aðrar sýningar sauðfjár og geitfjár, þar sem fé af fleiri en einum bæ er safnað saman, eru bannaðar innan sýktra svæða. Slíkar sýningar eru heimilar á áhættusvæðum að uppfylltum skilyrðum sem embætti yfirdýralæknis setur í hvert sinn. Sækja skal um leyfi fyrirfram.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir

gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 724/2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. september 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.